



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 16. fundur stjórnar KLÍ, 2008-2009
Staðsetning: Skrifstofu KLÍ
Hvenær: Fimmtudag, 4.12.08 kl. 17.30
Pátttakendur: Þórir Ingvarsson (PI) formaður
Pórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri
Helga Sigurðardóttir (HS) varamaður
Hörður Ingi Jóhannsson (HIJ) ritari
Boðuð forföll: Ásgrímur Helgi Einarsson (AHE) varamaður
Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður
Árni Geir Ómarsson (AGO) meðstjórnandi
Fjarverandi:
Fundarritari: VG

Helstu mál: Meðaltalsmál, tölvukerfi KLÍ, Fréttabréf, Mótamál, landsliðsmál ofl.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðustu funda.

Fundargerðir 15 fundar og aukafundar samþykktar án athugasemda.

2. Meðtalsmál.

Meðaltal miðað við 30.11.08 er að koma út – væntanlega e-n tíma 5-7 des. ÞH er að klára.

3. Tölvukerfi KLÍ (heimasíða ofl.)

ÞH er búinn að vinna mikið í kerfum KLÍ, og ennfremur sitja með HIJ og kenna honum á ýmsa þætti.

4. Fréttabréf.

Rætt var um að endurvekja fréttabréf KLÍ, stefna að því að senda út a.m.k. aðra hverja viku með helstu fréttum og hvað er á döfinni.

5. Mótamál...

Rætt var um að það þyrfti að senda út auglýsingar fyrir íslandsmót Para með a.m.k. mánaðar fyrirvara – dagskrá skoðuð og komið með eftirfarandi tillögur að breytingum til að setja paramóti inn:

Íslandsmót með forgjöf fært fram um viku, íslandsmót unglunga 7/8 og 14/15 feb, íslandsmót para 24/25 jan, félagakeppni færð frá 2 feb til 9 feb, og síðan deildarbikar færður frá 3 feb til 10 feb.

6. Auglýsingarbeiðni frá Sportið.is

Nýlega barst beiðni frá Sportið.is um að fá að auglýsa á kli.is, samþykkt var að veita þeim heimild til að setja inn auglýsingu á KLI.IS

7. Landsliðsnefnd.

Verið er að boða fund með unglinganefnd og unglinga-/þjálfurum félaganna í næstu viku þar sem verður farið yfir plan landsliðsþjálfara og val á æfingahópum.

8. Keppnisskýrteini KLÍ.

Ekki er auðvelt að útbúa rafrænt kort með segulrönd sem gengur í keiluhöllinni, því er rætt um að gefa út kort án segulrandar – bjóða Keiluhöllinni auglýsingu á kortið – kortið verði gefið út miðað við gildistíma 2009 og verði gefið út fyrirhluta jan. – ÞP tekur málið áfram.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

9. Íþróttamaður/kona ársins.

Gera þarf skil frá sérsamböndum til ÍSÍ 15. des, þp falið að senda út á tölvupósti til stjórnar þau nöfn og helstu afrek viðkomandi sem koma til greina sem keilarar ársins (kk og kvk).

10. Önnur mál.

Gengið verður frá jólakveðjum til vina og velunnara KLÍ á/fyrir næsta fund, HIJ/þp undirbýr.

Fundi slitið 19.00

Næsti fundur 11.12.08 kl. 17.30